

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2016/EES/18/07

frá 28. maí 2014

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss

(tilkynnt með númeri C(2014) 3429)

(2014/312/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 3) Í því skyni að endurspegla betur nýjustu tækni sem er á markaði fyrir þennan vöruflokk, og til að taka tillit til nýsköpunar á síðustu árum, þykir rétt að breyta umfangi vöruflokksins og setja endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/543/EB ⁽²⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/544/EB ⁽³⁾ fjölluðu um málningu til nota innanhúss og til nota utanhúss á aðskilinn hátt. Í því skyni að draga úr stjórnsýslubyrði fyrir þar til bæra aðila og umsækjendur hafa þær verið sameinaðar í eitt viðmiðunarskjal. Endurskoðuðu viðmiðanirnar endurspegla enn fremur nýjar kröfur um hættuleg efni sem voru innleiddar í kjölfar fyrri ákvarðana með reglugerð (EB) nr. 66/2010.
- 5) Viðmiðanirnar miða einkum að því að koma á framfæri vörum sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, eru af háum gæðaflokki, með mikið nothæfi og langa endingu, vörum sem innihalda takmarkað magn af hættulegum efnum ⁽⁴⁾ og takmarkað magn af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum. Koma ætti vörum, sem sýna fram á bætt nothæfi í tengslum við þessa þætti, á framfæri fyrir milligöngu umhverfismerkisins. Því er rétt að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna vöruflokksins „málning og lökk“.
- 6) Endurskoðuðu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun ættu að gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks.
- 7) Þessi ákvörðun ætti því að koma í stað ákvarðana 2009/543/EB og 2009/544/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/543/EB frá 13. ágúst 2008 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir utanhússmálningu og -lökk (Stjtið. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 27).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/544/EB frá 13. ágúst 2008 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir innanhússmálningu og -lökk (Stjtið. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 39).

⁽⁴⁾ Efni með hættuflokkun sem var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 (reglugerðin um flokkun, merkingu og pökkun (CLP)) (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

- 8) Heimila ætti umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerki ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í ákvörðun 2009/543/EB og ákvörðun 2009/544/EB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Undir vöruflokkinn „málning og lökk til nota innan- og utanhúss“ falla innanhúss- og utanhússmálning og -lökk til skreytingar, viðarbæs og skyldar vörur, sem eru ætlaðar til notkunar fyrir almenning og fagmenn, sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB ⁽⁵⁾.

2. Vöruflokkurinn „málning og lökk til nota innan- og utanhúss“ skal samanstanda af: yfirborðsmeðferð og málningu fyrir gólf, málningarvörum sem smásalar litblanda að beiðni neytenda (ófaglærðra) eða faglærðra málara, litakerfum og málningu til skreytingar, í fljótandi formi eða deigformi, sem framleiðandi hefur e.t.v. formeðhöndlað, litblandað eða undirbúið til að uppfylla þarfir neytenda, þ.m.t. viðarmálning, viðar- og gólfbæs, yfirborðsmeðferðarefni fyrir steinfleti og málmáferðarefni, grunn- og undirmálning fyrir slík vörumerki sem eru skilgreind í I. viðauka við tilskipun 2004/42/EB.

3. Eftirtaldar vörur eru ekki í þessum flokki:

- a) gróðurhindrandi málning,
- b) rotvarnarefni fyrir gegndreypingu á timbri,
- c) yfirborðsmeðferðarefni til sérstakrar notkunar í iðnaði og í atvinnuskyni, þ.m.t. slitpolin efni til yfirborðsmeðferðar,
- d) yfirborðsmeðferð í duftformi,
- e) málningarkerfi sem eru hert með útfjólubláu ljósi,
- f) málning sem er fyrst og fremst ætluð fyrir ökutæki,
- g) vara sem hefur ekki það meginhlutverk að mynda lag yfir undirlag, t.d. olíur og vax,
- h) fylliefni í skilningi EN ISO 4618,
- i) málning til vegamerkinga.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „málning“: yfirborðsmeðferðarefni með fastlitarefnum í fljótandi formi, deigformi eða duftformi sem myndar ógagnsætt lag á undirlagi sem það er borið á og verndar, skreytir eða hefur sérstaka, tæknilega eiginleika og þegar það hefur verið borin á verður það að harðri, viðloðandi varnarhúð,
- 2) „lakk“: hvers kyns glært yfirborðsmeðferðarefni sem myndar hart, gagnsætt lag á undirlagi sem það er borið á og verndar, skreytir eða hefur sérstaka, tæknilega eiginleika, og þegar það hefur verið borin á verður það að harðri, viðloðandi varnarhúð,
- 3) „málning og lökk til skreytingar“: málning og lökk sem eru borin á byggingar, skreytingar þeirra og búnað, á staðnum, til skreytingar og verndar,
- 4) „lasúr“: yfirborðsmeðferðarefni sem myndar gagnsætt eða hálf gagnsætt lag til að skreyta og vernda við gegn veðrun en það auðveldar viðhald viðarins,

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnunum til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB (Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87).

- 5) „litakerfi“: kerfi til að útbúa litaða málningu með því að blanda saman „stofni“ og lit,
- 6) „yfirborðsmeðferðarefni fyrir steinfleti“: lag til skreytingar og verndar og ætluð til notkunar á steinsteypu, málanlega mürsteinshleðslu (e. *brickwork*), hleðslu úr forsnidnum steinum (e. *blockwork*), múrhúð, plötu úr kalksandsteini eða trefjastyrktan sementsstein.
- 7) „bindigrunnur“: yfirborðsmeðferð sem er notuð til að stöðga lausar agnir undirlagsins eða veita vatnsfælna eiginleika,
- 8) „málningarkerfi sem er hert með útfjólubláu ljósi“: herðing á yfirborðsmeðferðarefni með því að láta það gangast undir útfjólubláa geislun,
- 9) „yfirborðsmeðferð í duftformi“: húð sem verndar eða skreytir og er mynduð með því að bera yfirborðsmeðferðarduft á undirlag og bræða það þannig að úr verði samfellt lag,
- 10) „rotvarnarefni fyrir vörur í ílátum“: vörur notaðar til að rotverja framleiðsluvörur við geymslu með því að verja þær gegn skemmdum af völdum örvera í því skyni að tryggja geymsluþol þeirra,
- 11) „rotvarnarefni fyrir þurrfilmu“: vörur sem eru notaðar til að rotverja filmur eða yfirborðsmeðferðarefni með vörn gegn skemmdum af völdum örvera eða þörunga í því skyni að vernda upphaflega eiginleika yfirborðs efna eða hluta,
- 12) „efni sem koma í veg fyrir að skán myndist“: aukefni sem er bætt í yfirborðsmeðferðarefni til að koma í veg fyrir að skán myndist á yfirborðsmeðferðarefninu á meðan framleiðslu og geymslu stendur,
- 13) „rokgjarnt, lífrænt efnasamband“: sérhvert lífrænt efnasamband með upphafssuðumark lægra en eða jafnt 250 °C, mælt við staðalþrýstinginn 101,3 kPa eins og skilgreint er í tilskipun 2004/42/EB og sem skolest út í hárpípusúlu að og með tetradekani (C₁₄H₃₀) fyrir óskautuð kerfi eða að og með díetýladípáti (C₁₀H₁₈O₄) fyrir skautuð kerfi,
- 14) „hálfroksgjörn, lífræn efnasambönd“: sérhvert lífrænt efnasamband með suðumark yfir 250 °C og sem skolest út í hárpípusúlu ⁽⁶⁾, með geymdarsvið milli n-tetradekans (C₁₄H₃₀) og n-dókósans (C₂₂H₄₆) fyrir óskautuð kerfi og díetýladípáts (C₁₀H₁₈O₄) og metýlpalmítats (C₁₇H₃₄O₂) fyrir skautuð kerfi,
- 15) „hvít og ljóslituð málning“: málning með þrilitagildi (Y-gildi) > 70%;
- 16) „gljáandi málning“: málning með ≥ 60 endurvarpsstuðul við 60° aðfallshorn,
- 17) „málning með miðlungs gljáa“ (einnig vísað til sem háfgljáandi, satín, hálfmött (e. *semi-gloss, satin, semi matt*)): málning með endurvarpsstuðul sem er < 60 og ≥ 10 við 60° eða 85° aðfallshorn,
- 18) „mött málning“: málning með < 10 endurvarpsstuðul við 85° aðfallshorn,
- 19) „almött málning“: málning með < 5 endurvarpsstuðul við 85° aðfallshorn,
- 20) „gagnsæ og hálf gagnsæ“: filma með birtuskilahlutfalli (e. *contrast ratio*) sem nemur < 98% við 120μ þykkt blautfilmu,
- 21) „ógagnsæ“: lag með birtuskilahlutfalli sem nemur > 98% við 120μ þykkt blautfilmu.

3. gr.

Viðmiðanir fyrir veitingu umhverfismerkis ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 fyrir vörur sem fellur undir vöruflokkinn „málning og lökk“, sem er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun, eru settar fram í viðaukanum.

4. gr.

Viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat, sem settar eru fram í viðaukanum, skulu gilda í fjögur ár frá þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „044“ notað fyrir vöruflokkinn „málning og lökk til nota innan- og utanhúss“.

⁽⁶⁾ Eins og tilgreint er í lið 8.2.2 í FprCEN/TS 16516.

6. gr.

Ákvarðanir 2009/543/EB og 2009/544/EB falli úr gildi.

7. gr.

1. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „málning og lökk“, sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, geta annað hvort grundvallast á viðmiðununum sem eru settar fram í ákvörðun 2009/543/EB eða 2009/544/EB eða viðmiðununum sem eru settar fram í þessari ákvörðun. Umsóknir skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.

2. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2009/543/EB eða 2009/544/EB má nota í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR OG KRÖFUR UM MAT OG SANNPRÓFUN VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk:

1. Hvítt fastlitarefni og votþvottheldni
2. Titandíoxíð
3. Hagkvæmni í notkun
 - a) Efnisþekja
 - b) Vatnsþol
 - c) Viðloðun
 - d) Slit
 - e) Veðrun
 - f) Gegnstreymanleiki vatnsgufu
 - g) Gegnstreymanleiki vatns í vökvaástandi
 - h) Þol gegn sveppum
 - i) Sprungubrúun
 - j) Alkalíþol
 - k) Tæringarþol
4. Rokgörn og hálfroksgjörn, lífræn efnasambönd
5. Takmörkun á hættulegum efnum og blöndum
 - a) Almennar takmarkanir sem gilda um hættuflokkanir og hættusetningar
 - b) Takmarkanir sem gilda um sérlega varasöm efni
 - c) Takmarkanir sem gilda um sérstök hættuleg efni
6. Neytendaupplýsingar
7. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB endurspeglar vörur með mesta vistvænleika málningar og lakks á markaðnum. Krafist er strangra staðla um gæði málningarinnar og nothæfi til að tryggja endingartíma vörunnar og draga þannig umtalsvert úr heildarvistferilsáhrifum málningarinnar. Markmiðið með viðmiðununum er einnig að lágmarka notkun rokkgjarra og hálfrokkgjarra lífrænna efna í samsetningu málningarinnar.

Þó að notkun á efnavörum og losun mengunarefna séu hluti af framleiðsluferlinu er tryggt að notkun slíkra efna í vöru sem ber umhverfismerki ESB er takmörkuð eftir því sem er tæknilega mögulegt án þess að hafa áhrif á notagildi vörunnar. Enn fremur má endanlega málningin eða lakkið ekki fá flokkun sem eitrefni með bráðri verkan eða sem er hættulegt umhverfinu samkvæmt Evrópulöggjöf um vörumerkingu.

Ef þess er nokkur kostur útilokar viðmiðunin, eða takmarkar eins og kostur er, styrkleika nokkurra efna sem heimilt er að nota við framleiðslu á málningu og lökkum (sem þörf er á vegna sérstakrar virkni og eiginleika) og eru tilgreind sem hættuleg fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Undanþága er eingöngu veitt fyrir notkun slíks efnis í vöru sem ber umhverfismerkið ef efnið er nauðsynlegt til þess að væntingar neytenda um nothæfi vörunnar eða tilskildar kröfur varðandi hana séu uppfylltar (t.d. geymsluþol málningar) og ef ekki standa til boða staðgöngukostir sem eru í notkun og sannprófaðir.

Undanþágur eru metnar á grundvelli varúðarreglunnar og með tilliti til vísinda- og tækniþekkingar, einkum ef öruggari vörur eru aðgengilegar á markaðnum.

Í því skyni að tryggja neytendum hátt öryggisstig er heimilt að krefjast prófunar á fullunnu vörunni til að greina hættuleg efni sem eru háð takmörkunum.

Eftir því sem við á eru einnig sett ströng skilyrði varðandi meðhöndlun efna í framleiðsluferli málningar og lakks í því skyni að forðast váhrif á starfsfólk. Sannprófun þess að farið sé að viðmiðunum er sett fram á máta sem veitir neytendum hátt öryggisstig, endurspeglar raunhæfa möguleika umsækjenda til að afla upplýsinga frá aðfangakeðjunni og útilokar möguleikann á að umsækjendur „fljóti með“.

MAT OG SANNPÓFUN

a) Kröfur

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur, eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar, mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra, eins og við á.

Ef um er að ræða breytingar, s.s. á birgi, samsetningu málningar eða viðbótar í vöruflokk, sem leiða til breytinga á því hvernig málningin eða lakkið samræmist einni viðmiðun eða fleiri (eftir því sem við á) skal leyfishafi leggja fram upplýsingar til viðkomandi þar til bærð aðila, áður en nokkur breyting verður, sem sýna fram á að vörunnar verði áfram í tilteknu samræmi við viðkomandi viðmiðanir.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þeim er lýst í notendahandbókinni vegna umsókna um umhverfismerki ESB og ef þar til bæri aðilinn, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna prófanir sem eru vottaðar samkvæmt ISO 17025 og sannprófanir sem eru framkvæmdar af aðilum sem eru vottaðir samkvæmt EN 45011 eða jafngildum alþjóðlegum staðli.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

b) Viðmiðunarmörk mælinga

Nema annað sé tekið fram er samræmis krafist við viðmiðanir umhverfismerkisins að því er varðar efni og blöndur, sem er bætt við af ásetningu, sem og að því er varðar aukaafurðir og óhreinindi úr hráefnunum í styrk sem er jafn eða meiri en 0,010% miðað við þyngd endanlegrar samsetningar.

c) Veita skal þar til bærum aðilum nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar, þ.m.t. hlutverk og eðlisástand allra innihaldsefna sem eru tilgreind í viðmiðununum, sem og um öll virk viðbótarinnihaldsefni og styrk þeirra við ísetningu. Fyrir hvert innihaldsefni skal leggja fram efnaheitið, CAS-númer og flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun. Greina skal frá öllum innihaldsefnum sem eru tilgreind í viðmiðununum, sem og öll virkum viðbótarinnihaldsefnum og þekktum óhreinindum sem finnast í vörunni í styrk sem er hærri en 0,010% nema krafist sé lægri styrks til að uppfylla kröfu vegna undanþágu.

Ef vísað er til innihaldsefna í viðmiðunum tekur það einnig til efna og efnablandna eða blandna. Skilgreiningar á „efnum“ og „blöndum“ eru gefnar í 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽⁷⁾ (efnareglunum (REACH)).

Öryggisblöð og/eða CAS-númer og flokkun samkvæmt reglugerðinni um flokkun, merkingu og þökkun fyrir hvert innihaldsefni skulu lögð fram hjá þar til bærum aðila í samræmi við efnareglurnar (REACH).

- d) Þessar takmarkanir skulu gilda um málningu eða lakk í umbúðum sínum vegna allra viðmiðana að undanskilinni 4. viðmiðun um rokkgjörn og hálfrokkgjörn, lífræn efnasambönd. Í samræmi við tilskipun 2004/42/EB eiga viðmiðunarmörk fyrir lífræn rokefni við um vöru sem er tilbúin til notkunar og því skal við mælingu eða útreikning á hámarksinnihaldi lífrænna rokefna gera ráð fyrir öllum viðbótarefnum sem mælt er með að nota, s.s. litgjöfum og/eða þynnum. Við þennan útreikning eða mælingu er þörf á gögnum frá hráefnabirgjum varðandi innihald fastra efna og lífrænna rokefna og varðandi eðlismassa vörunnar. Hið ofangreinda á einnig við um mælingu og útreikning vegna hálfrokkgjarnra, lífrænna efnasambanda. Til að sannreyna útreikninga geta þar til bærir aðilar óskað eftir prófunum á hálfrokkgjörnum, lífrænum efnasamböndum.

Viðmiðun 1. Hvítt fastlitarefni og votþvottheldni

- 1a) *Lágmarkskrafa um innihald hvíts fastlitarefnis*

Innanhúss vegg- og loftmálning sem fullt er að búi yfir votþvottheldni samkvæmt 1. og 2. flokki skal innihalda jafn mikið eða minna af hvítu fastlitarefni (hvítum, ólífrænum fastlitarefnum með brotstuðli sem er hærri en 1,8) á hvern fermetra af þurrfilmu og lýst er í töflu 1, með 98% ógagnsæi. Ef um er að ræða litakerfi gildir þessi krafa eingöngu um málningarstofn.

Tafla 1

Samband milli votþvottheldni og innihalds TiO_2 í innanhússmálningu

Votþvottheldni	Viðmiðunarmörk fyrir notkun innanhúss (g/m^2)
1. flokkur	40
2. flokkur	36

Innihald hvíts fastlitarefnis í allri annarri málningu (hvítu, ólífrænum fastlitarefnum með brotstuðli sem er hærri en 1,8), þ.m.t. kalkmálningu, sílíkatmálningu, grunnmálningu, ryðvarnarmálningu og utanhússmálningu, ekki vera yfir $36 \text{ g}/\text{m}^2$ fyrir vörur til notkunar innanhúss og $38 \text{ g}/\text{m}^2$ fyrir vörur til notkunar utanhúss. Ef um er að ræða málningu sem nota má bæði innan- og utanhúss gilda strangari viðmiðunarmörkin.

Ef framangreindar vörur falla undir undanþáguna sem er tilgreind í b-hluta má innihald hvíta fastlitarefnisins (hvítu, ólífrænum fastlitarefnum með brotstuðli sem er hærri en 1,8) ekki vera yfir $25 \text{ g}/\text{m}^2$ af þurrfilmu, með 98% ógagnsæi.

- 1b) *Lágmarkskrafa um votþvottheldni (eingöngu fyrir innanhússmálningu)*

Öll vegg- og loftmálning til notkunar innanhúss (lokaumferð) skal fá votþvottheldni í 1. eða 2. flokki samkvæmt EN 13300 og EN ISO 11998. Þessi krafa gildir eingöngu um litastofna (litakerfi).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 396 30.12.2006, bls. 1).

Vegg- og loftmálning til notkunar innanhúss sem inniheldur 25 g/m² eða minna af hvítu fastlitarefni (hvít, ólífræn fastlitarefni með brotstuðli sem er hærr en 1,8) miðað við fermetra af þurrfilmu, með 98% ógagnsæi, er undanþegin frá þessari kröfu.

Eingöngu er heimilt að hafa fullyrðingu um votþvottheldni á merkimiða, eða í öðrum gögnum vegna markaðssetningar, málningar með umhverfismerkingu sem hefur 1. og 2. flokks votþvottheldni.

Mat og sannprófun: uppfylla skal bæði kröfur í a- og b-lið 1. liðar. Umsækjandinn skal leggja fram gögn sem sýna að innihald hvítra fastlitarefna er í samræmi við þessa viðmiðun.

Umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu samkvæmt EN 13300, sem byggist á aðferðinni EN ISO 11998 (prófun á hreingerningarræfni og þvottheldni). Merkingar á umbúðum loftmálningar og veggmálningar til notkunar innanhúss, þ.m.t. meðfylgjandi texti, skulu lagðar fram til staðfestingar á fullyrðingum varðandi votþvottheldni.

Viðmiðun 2. Fastlitarefni með titandíoxíði

Ef varan inniheldur meira en 3,0% titandíoxíð miðað við þyngd má losun og slepping úrgangsefna við framleiðsluna á fastlitarefnum með titandíoxíði ekki fara yfir eftirfarandi ⁽⁸⁾:

Að því er varðar súlfatferlið:

- SO_x reiknað sem SO₂: 7,0 kg/tonn TiO₂ fastlitarefni
- Súlfatúrgangur: 500 kg/tonn TiO₂ fastlitarefni

Að því er varðar klóríðferlið:

- Ef náttúrulegt rútmálmgrýti er notað: 103 kg klóríðúrgangur/tonn TiO₂ fastlitarefni
- Ef gervirútil er notað: 179 kg klóríðúrgangur/tonn TiO₂ fastlitarefni
- Ef gjall er notað: 329 kg klóríðúrgangur/tonn TiO₂ fastlitarefni

Ef fleiri en ein gerð málmgrýtis er notuð gilda viðmiðunarmörkin í hlutfalli við magn sérhvers málmgrýtis sem notað er.

Athugasemd:

Losun á brennisteinsoxíðum gildir aðeins að því er varðar súlfatferlið.

Við skilgreiningu á úrgangi skal nota 3. gr. rammatilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB um úrgang ⁽⁹⁾. Úrgangurinn skal undanþeginn kröfum ef framleiðandi titandíoxíðsins getur uppfyllt ákvæði 5. gr. (framleiðsla aukaafurða) rammatilskipunarinnar um úrgang að því er varðar fastan úrgang þess.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram fylgiskjöl sem sýna fram á að framleiðandi titandíoxíðsins fari að viðmiðunum við framleiðslu á hráefninu fyrir málningarvöruna, annað hvort í formi yfirlýsingar um að efnið sé ekki notað eða yfirlýsingar sem er studd af gögnum sem sýna að losun frá vinnslu og slepping úrgangsefna sé samkvæmt viðeigandi mörkum.

Viðmiðun 3. Hagkvæmni í notkun

Framkvæma skal eftirfarandi prófanir samkvæmt gerð málningar og/eða lakks, eins og tilgreint er í töflu 2, til að sýna fram á hagkvæmni við notkun:

⁽⁸⁾ Samkvæmt tilvísunarskjali um bestu, fánlegu tækni við framleiðslu á miklu magni af ólífrænum iðefnum (BREF), ágúst 2007.

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stj. tíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

Tafla 2

Nothæfiskröfur fyrir málningu og lakk af annarri gerð

Viðmiðanir	Málning og lökk (ásamt undirflokkum sem eru tilgreindir í samræmi við tilskipun 2004/42/EB)							
	Innanhúss- málning (a, b)	Utanhússmálning (c)	Málning til skreytingar og klæðningar (d)	Þykk yfirborðs- meðferðarefni, ætluð til skreytingar innan- og utanhúss (l)	Lakk og viðarbes (e, f)	Sérstök eins þáttar yfirborðsmeðferðarefni og gólfmálning (i)	Grunnmálning (g)	Undirmálning og grunnmálning (h)
3a) Efnisþekja (einungis fyrir hvíta og ljóslitaða málningu, þ.m.t. hvíti málningargarstofninn í litakerfum) — ISO 6504/1	8 m ² /l	4 m ² /l (gúmtægju- málning) 6 m ² /l (málning fyrir steinfleti)	Vörur til nota utanhúss 6 m ² /l Vörur til nota innan húss 8 m ² /l	1 m ² /l	—	Vörur til nota utanhúss 6 m ² /l Vörur til nota innan húss 8 m ² /l	6 m ² /l (án ógagnsæis) 8 m ² /l (með ógagnsæi)	6 m ² /l (án ógagnsæis) 8 m ² /l (með ógagnsæi)
3b) Vatnspól — ISO 2812-3	—	—	—	—	Vatnspolið	Vatnspólin	—	—
3c) Viðloðun — EN 24624	—	—	—	—	—	2 stig	1,5 MPa (málning fyrir steinfleti)	1,5 MPa (málning fyrir steinfleti)
3d) Slit — EN ISO 7784-2	—	—	—	—	—	70 mg þyngdartap	—	—
3e) Væðrun — EN 11507/EN 927-6	—	1 000 klst.	1 000 klst. (utanhúss)	1 000 klst. (utanhúss)	1 000 klst. (utanhúss)	1 000 klst. (utanhúss)	—	—
3f) Gegnstreymanleiki vatnsgufu (1) — EN ISO 7783	—	II. flokkur eða betri	—	II. flokkur eða betri (utanhúss)	—	—	—	—
3g) Gegnstreymanleiki vatns í vökva- ástandi (1) — EN 1062-3	—	III. flokkur, ef svo er fullt Allar aðrar vörur, II. flokkur eða betri	—	II. flokkur eða betri (utanhúss)	—	—	—	—

Viðmiðanir	Málning og lökk (ásamt undirflokkum sem eru tilgreindir í samræmi við tilskipun 2004/42/EB)							
	Innanhúss- málning (a, b)	Utanhússmálning (c)	Málning til skreytingar og klæðningar (d)	Þykk yfirborðs- meðferðarefni, ætluð til skreytingar innan- og utanhúss (l)	Lakk og viðarþæs (e, f)	Sérstök eins þáttar yfirborðsmeðferðarefni og gölfmálning (i)	Grunnmálning (g)	Undirmálning og grunnmálning (h)
3h) Þol gegn sveppum ⁽¹⁾ — EN 15457	—	1. flokkur eða lægri (málning fyrir steinfleti eða við)	Flokkur 0 (viðarvörur til notkunar utanhúss)	1. flokkur eða lægri (utanhúss)	—	—	—	—
3h) Þol gegn þörungum — EN 15458 ⁽¹⁾	—	1. flokkur eða lægri (málning fyrir steinfleti eða við)	Flokkur 0 (viðarvörur til notkunar utanhúss)	1. flokkur eða lægri (utanhúss)	—	—	—	—
3j) Sprungubrúun ⁽¹⁾ — EN 1062-7	—	A1 (eingöngu gúmtægjumálning)	—	—	—	—	—	—
3j) Alkalíþol — ISO 2812-4	—	Málning fyrir steinfleti	—	—	—	—	Utanhúss fyrir steinfleti	Utanhúss fyrir steinfleti
3k) Tæringarþol ⁽¹⁾ EN ISO 12944-2 og 12944-6, ISO 9227, ISO 4628-2 og 4628-3	—	Ryðvarnarmálning Blóðrumyndun: \geq staerð 3/þéttleiki 3 Ryðmyndun: \geq Ri2	Ryðvarnarmálning Blóðrumyndun: \geq staerð 3/þéttleiki 3 Ryðmyndun: \geq Ri2	—	—	Ryðvarnarmálning Blóðrumyndun: \geq staerð 3/þéttleiki 3 Ryðmyndun: \geq Ri2	Ryðvarnarmálning Blóðrumyndun: \geq staerð 3/þéttleiki 3 Ryðmyndun: \geq Ri2	Ryðvarnarmálning Blóðrumyndun: \geq staerð 3/þéttleiki 3 Ryðmyndun: \geq Ri2

⁽¹⁾ Eingöngu krafist ef fullyrðingar eru gerðar um málninguna í markaðssetningu hennar.

3a) *Efnisþekja*

Kröfur um efnisþekju skulu gilda um hvítar og ljóslitaðar málningarvörur. Ef málning er fánleg í fleiri litum skal efnisþekjan gilda um ljósasta litinn.

Efnisþekja hvítrar og ljóslitaðrar málningar (með 98% hulu) (þ.m.t. áferðarefni og milliefni) skal vera a.m.k. 8 m² á lítra af vöru fyrir innanhússmálningu og a.m.k. 6 m² lítra fyrir utanhússmálningu. Efnisþekja fyrir vörur sem eru settar á markað til notkunar bæði innan- og utanhúss (með 98% hulu) skal vera a.m.k. 8 m² á lítra.

Þegar um litakerfi er að ræða gildir þessi viðmiðun einungis um hvíta stofninn (stofninn sem inniheldur mest af TiO₂). Í tilvikum þar sem hvíti stofninn uppfyllir ekki þessa kröfu telst viðmiðunin uppfyllt þegar litblöndun hvíta stofnsins hefur framkallað staðallitinn RAL 9010.

Þegar um er að ræða málningu sem er hluti af litakerfi skal umsækjandi ráðleggja endanlegum notanda, á vöruumbúðum og afhendingarstað, hvaða lit eða grunnmálningu/undirmálningu (sem helst skal bera evrópska umhverfismerkið) skuli nota sem undirlag áður en borinn er á dekkri litur.

Efnisþekja gagnsærrar og hálf gagnsærrar grunnmálningar og undirmálningar skal vera a.m.k. 6 m² og með málningu með ógagnsæri a.m.k. 8 m². Efnisþekja ógagnsærrar grunnmálningar með sérþæka hindrunar-/þéttieiginleika og smygni-/bindieiginleika og grunnmálningar með sérþæka viðloðunareiginleika skal vera a.m.k. 6 m² á lítra af vöru.

Efnisþekja þykkra yfirborðsmeðferðarefna sem eru ætluð til skreytingar (málning sem er sérþæka hönnuð til að ná fram skrauthrifum í þrívídd og einkennist því af afar þykku lagi), skal hins vegar vera 1 m²/kg.

Efnisþekja ógagnsærrar gúmteygjumálningar skal vera a.m.k. 4 m² á lítra af vörunni.

Þessi krafa gildir ekki um lökk, lasúr, gagnsæja viðloðunargrunna eða önnur gagnsæ yfirborðsmeðferðarefni.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðinni: ISO 6504/1, (Paints and varnishes — determination of hiding power — 1. hluti: Kubelka-Munk method for white and light-coloured paints) eða 6504/3 (3. hluti: Determination of contrast ratio (opacity) of light-coloured paints at a fixed spreading rate) eða, fyrir málningu sem er sérþæka hönnuð til að ná fram skrauthrifum í þrívídd og einkennist af afar þykku lagi, aðferðinni NF T 30073. Þegar um er að ræða stofna sem eru notaðir til að framleiða litblandaðar vörur og hafa ekki verið metnir samkvæmt framangreindum kröfum skal umsækjandi færa sönnur á að endanlegum notanda sé ráðlagt að nota grunnmálningu og/eða gráa undirmálningu (eða undirmálningu í öðrum viðeigandi lit) áður en varan er borin á.

3b) *Vatnsþol*

Öll lökk, yfirborðsmeðferð fyrir gólf og gólfmálning skulu hafa það mikið vatnsþol, eins og það er ákvarðað með aðferð samkvæmt EN ISO 2812-3, að eftir 24 klukkustunda áraun og 16 klukkustunda hvíld hafi ekki orðið nein breyting á gljáa eða lit.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðinni ISO 2812-3.

3c) *Viðloðun*

Grunnmálning með fastlitarefnum fyrir steinfleti utanhúss stenst afrifspróf samkvæmt EN 24624 (ISO 4624) ef samloðunarstyrkur undirlagsins reynist minni en viðloðunarstyrkur málningarinnar en annars þarf viðloðun málningarinnar að vera meiri en lágmarksgildið 1,5 MPa sem þarf til að standast prófunina.

Yfirborðsmeðferð fyrir gólf, gólfmálning, undirmálning fyrir gólf, grunnmálning fyrir steinfleti innanhúss, málm- og víðarundirmálning skulu fá 2 stig eða minna í EN 2409-prófuninni fyrir viðloðun.

Gagnsæ grunnmálning er ekki talin með í þessari kröfu.

Umsækjandinn skal meta grunnmálninguna og/eða áferðarefnið í sitt hvoru lagi eða notkun beggja saman. Þegar áferðarefni er prófað eitt sér skal miða við verstu sviðsmynd með tilliti til viðloðunar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðinni EN ISO 2409 eða EN 24624 (ISO 4624) eftir því sem við á.

3d) *Slit*

Yfirborðsmeðferð fyrir gólf og gólfmálning skulu hafa þann slitstyrk að þyngdartap sé ekki meira en 70 mg eftir 1000 prófunarlotur með 1000 g álagi og CS10-hjóli í samræmi við EN ISO 7784-2.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem sýnir fram á samræmi við þessa viðmiðun og byggist á aðferðinni EN ISO 7784-2.

3e) *Veðrun (fyrir utanhússmálningu og -lökk)*

Áferðarmálning fyrir steinfleti og áferðarefni fyrir við og málm, þ.m.t. lökk, skulu gangast undir gerviveðrun í búnaði með flúrperum með útfjólubláu ljósi og vatnsþéttingu eða vatnsúðun í samræmi við ISO 11507. Þau skulu gangast undir prófunarskýrðin í 1000 klst. Prófunarskýrðin eru: Útfjólublá A-geislun í 4 klst við 60 °C + 4 klst við 50 °C

Að öðrum kosti má láta viðaráferðarefni til notkunar utanhúss og viðarlökk gangast undir veðrun í 1000 klst. í QUV-hraðveðrunarbúnaði með lotubundinni áraun með útfjólublá A-geislun og úðun samkvæmt EN 927-6.

Samkvæmt ISO 7724 3 skal litabreyting sýnishorna, sem hafa undirgengist veðrun, ekki vera meiri en $\Delta E^* = 4$. Á ekki við um lökk og stofna.

Gljáandi málning og lakk sem undirgengst veðrun skal ekki tapa meiri gljáa en 30% af upprunalegu gildi og skulu mæld samkvæmt ISO 2813. Þessi krafa gildir ekki um miðlungs gljáa og matta áferð⁽¹⁰⁾ sem hafa innan við 60% upphafsgljáagildi (e. *initial gloss value*) við 60° aðfallshorn.

Kölkun skal prófa með aðferðinni EN ISO 4628-6 á áferðarefni fyrir steinfleti, sem og áferðarefni fyrir við og málm (eftir atvikum), eftir að sýnishorn hafa undirgengist veðrun. Stigafjöldi yfirborðsmeðferðarefna skal vera 1,5 stig eða betri (0,5 eða 1,0) í þessu prófi. Í staðlinum er að finna skýringarmyndir með tilvísunum.

Eftirfarandi mæliþætti skal einnig meta hjá áferðarefnum fyrir steinfleti og áferðarefnum fyrir við og málm eftir að sýnishornin hafa undirgengist veðrun:

Flögunun samkvæmt ISO 4628-5, flögubéttleiki 2 eða minni, flögustærð 2 eða minni

Sprungumyndun samkvæmt ISO 4628-4, sprungumagn 2 eða minna, sprungustærð 3 eða minni

Blöðrumyndun samkvæmt ISO 4628-2, blöðrubéttleiki 3 eða minni, blöðrustærð 3 eða minni.

Prófanir skulu gerðar á litastofninum.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist annaðhvort á staðlinum ISO 11507 í samræmi við tilgreinda mæliþætti, eða EN 927-6 eða báðum stöðlunum. Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á EN ISO 4628-2, 4, 5, 6 og eftir atvikum prófunarskýrslu í samræmi við ISO 7724-3.

3f) *Gegnstreymaleiki vatnsgufu*

Ef fullyrt er að utanhússmálning fyrir steinfleti og steinsteypu geti andað skal málningin flokkuð samkvæmt EN 1062-1 í II. flokk (meðalgegnstreymaleiki vatnsgufu) eða betri flokk samkvæmt prófunarðferðinni í EN ISO 7783.

⁽¹⁰⁾ EN ISO 2813.

Vegna mikils fjölda mögulegra lita eftir blöndun skal þessi viðmiðun takmörkuð við prófun á stofninum.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem grundvallast á aðferðafræði EN ISO 7783 og flokkun samkvæmt EN 1062-1.

3g) *Gegnstreymisleiki vatns í vökvaástandi*

Ef fullyrt er að utanhúsmálning fyrir steinfleti og steinsteypu hrindi frá sér vatni eða sé gúmteygjukennnd skal yfirborðsmeðferðarefnið flokkað í III. flokk skv. EN 1062-1 (lítill vatnsgegnstreymisleiki) samkvæmt aðferðinni EN 1062-3.

Vegna mikils fjölda mögulegra lita eftir blöndun skal þessi viðmiðun takmörkuð við prófun á stofninum.

Öll önnur málning fyrir steinfleti skal flokkuð í II. flokk skv. EN 1062-1 (miðlungsgegnstreymisleiki vatns) eða betri flokk samkvæmt prófunaraðferðinni EN 1062-3.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem grundvallast á aðferðafræði EN 1062-3 og flokkun samkvæmt EN 1062-1.

3h) *Þol gegn sveppum og þörungum*

Ef fullyrt er að utanhúsmálning fyrir steinfleti og við hafi sveppa- og þörungavarnareiginleika, og samræmist 7. vöruflokki í sæfiefnareglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾, skulu eftirfarandi kröfur ákvarðaðar samkvæmt EN 15457 og EN 15458.

Málning fyrir steinfleti skal hafa stigafjölda samkvæmt 1. flokki eða minna (1 eða 0) vegna þols gegn sveppum (þ.e. minna en 10% sveppaþekja) og stigafjöldann 1 eða vegna þols gegn þörungum.

Viðarmálning skal hafa stigafjöldann 0 vegna þols gegn sveppum og stigafjöldann 0 vegna þols gegn þörungum.

Vegna mikils fjölda mögulegra lita eftir blöndun skal þessi viðmiðun takmörkuð við prófun á málningarstofninum.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem grundvallast á aðferðafræði EN 15457 og EN 15458.

3i) *Sprungubrúun*

Ef fullyrt er að málning fyrir steinfleti (eða steinsteypumálning) hafi gúmteygjueiginleika skal málningin að lágmarki hafa flokkunina A1 við 23 °C samkvæmt EN 1062.

Vegna mikils fjölda mögulegra lita eftir blöndun skal þessi viðmiðun takmörkuð við prófun á stofninum.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem grundvallast á aðferðafræði DIN EN 1062-7.

3j) *Alkaliþol*

Málning og grunnmálning fyrir steinfleti skal ekki láta á sjá eftir blettun á yfirborðsmeðferðarefninu í sólarhring með 10% natriumhýdroxíðlausn samkvæmt aðferðinni í ISO 2812-4. Matið skal fara fram eftir að málningin hefur fengið að þorna og jafna sig í sólarhring.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem grundvallast á aðferðafræði ISO 2812-4.

3k) *Tæringarþol*

Líkja skal eftir álagi af völdum tæringar á undirlag vegna flokkunar í viðeigandi flokk, eða flokka tæringareiginleika andrúmslofts í EN-ISO 12944-2 og meðfylgjandi prófunaraðferðum sem eru tilgreindar í EN ISO 12944-6. Ryðvarnarmálningu á undirlag úr stáli skal prófa eftir 240 klst. saltúðaprófun samkvæmt ISO 9227. Meta skal niðurstöðurnar með því að nota ISO 4628-2 fyrir blöðrumyndun og ISO 4628-3 fyrir ryðmyndun. Niðurstöður um málninguna skulu ekki vera lakari en 3 í blöðrustærð og -þéttleika og ekki lakari en Ri2 í ryðmyndunarprófinu.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram skýrslur um prófun og stigagjöf til þess að staðfesta samræmi við þessa viðmiðun.

Viðmiðun 4. Innihald rokkgjarnra og hálfrokkgjarnra, lífrænna efnasambanda

Hámarksinnihald rokkgjarnra og hálfrokkgjarnra, lífrænna efnasambanda skal ekki vera fara yfir mörkin sem gefin eru upp í töflu 3.

Innihald rokkgjarnra og hálfrokkgjarna, lífrænna efnasambanda í vörum sem eru tilbúnar til notkunar skal ákvarðað og í því felast öll viðbótarefni sem eru ráðlögð fyrir notkun, s.s. litarefni og/eða þynnur.

Heimilt er að setja textann „skert magn lífrænna rokefna“, auk innihalds lífrænu rokefnanna í g/l við umhverfismerkið, á vörur sem innihalda rokkgjörn, lífræn efnasambönd sem eru í samræmi við mörkin í töflu 3.

Tafla 3

Viðmiðunarmörk innihalds rokkgjarna og hálfrokkgjarna, lífrænna efnasambanda

Vörulýsing (með skiptingu í undirflokk sv. tilskipun 2004/42/EB)	Viðmiðunarmörk fyrir rokkgjörn, lífræn efnasambönd (g/l, þ.m.t. vatn)	Viðmiðunarmörk fyrir hálfrokkgjörn, lífræn efnasambönd (g/l, þ.m.t. vatn)
a. Mattir veggir og loft innanhúss (gljái < 25 við 60°)	10	30 ⁽¹⁾ /40 ⁽²⁾
b. Veggir og loft innanhúss með gljáa (gljái > 25 við 60°)	40	30 ⁽¹⁾ /40 ⁽²⁾
c. Veggir utanhúss úr jarðefnum	25	40
d. Málning til skreytingar og klæðningar fyrir við og málm innanhúss/utanhúss	80	50 ⁽¹⁾ /60 ⁽²⁾
e. Lakk og viðarvörn til skreytingar innanhúss, þ.m.t. ógagnsæ viðarvörn	65	30
e. Lakk og viðarvörn til skreytingar utanhúss, þ.m.t. ógagnsæ viðarvörn	75	60
f. Viðarvörn með lágmarksþykkt til notkunar innan- og utanhúss	50	30 ⁽¹⁾ /40 ⁽²⁾
g. Grunnmálning	15	30 ⁽¹⁾ /40 ⁽²⁾
h. Bindigrunnar	15	30 ⁽¹⁾ /40 ⁽²⁾
i. Eins þáttar yfirborðsmeðferðarefni	80	50 ¹⁹ /60 ⁽²⁾
j. Tveggja þátta hvarfgjörn yfirborðsmeðferðarefni til sértækrar notkunar, s.s. á gólf	80	50 ⁽¹⁾ /60 ⁽²⁾
l. Hrifmálning	80	50 ⁽¹⁾ /60 ⁽²⁾
Ryðvarnarmálning	80	60

⁽¹⁾ Hvít innanhússmálning og -lökk

⁽²⁾ Litblönduð innanhússmálning/utanhúsmálning og lökk

Ákvarða skal innihald lífrænna rokefna, annað hvort með útreikningi sem byggir á innihaldsefnum og hráefnum eða með aðferðunum sem eru gefnar í ISO 11890-2 eða, vegna vara sem innihalda innan við 1,0 g/l af lífrænum rokefnum, með aðferðunum sem eru gefnar í ISO 17895. Innihald hálfrokjarnra, lífrænna efnasambanda skal ákvarða með aðferðinni sem er gefin í ISO 11890-2. Markefnin sem eru gefin upp í töflu 4 skulu notuð til grundvallar afmörkun á niðurstöðum úr gasgreiningum fyrir hálfrokjör, lífræn efnasambönd. Ef um er að ræða vörur til notkunar bæði innan- og utanhúss gilda strangari viðmiðunarmörkin, fyrir innanhúsmálningu, fyrir hálfrokjör, lífræn efnasambönd.

Tafla 4

Markefnasamböndin sem nota skal við ákvörðun á innihaldi hálfrokjarnra, lífrænna efnasambanda

	Skautuð kerfi (vatnsblandaðar yfirborðsmeðferðarvörur)	Óskautuð kerfi (leysiblandaðar yfirborðsmeðferðarvörur)
Hálfrokjarn, lífrænt efnasamband	Dietylalípít (C ₁₀ H ₁₈ O ₄) til metýlpalmitat (C ₁₇ H ₃₄ O ₂)	n-tetradekan (C ₁₄ H ₃₀) til n-dókósan (C ₂₂ H ₄₆)

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu vegna innihalds rokjarnra, lífrænna efnasambanda í vörinni sem er tilbúin til notkunar sem byggist á aðferðunum sem eru gefnar í ISO 11890-2 eða ISO 17895, og sýnir fram á samræmi við kröfur, eða samræmisýfirlýsingu sem er studd af útreikningum sem byggjast á innihaldsefnum og hráefnum málningarinnar.

Umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu vegna innihalds hálfrokjarnra, lífrænna efnasambanda í vörinni sem er tilbúin til notkunar sem byggist á aðferðinni sem er gefin í ISO 11890-2 eða samræmisýfirlýsingu sem er studd af útreikningum sem byggjast á innihaldsefnum og hráefnum málningarinnar. Prófunin skal fara fram með vísan til markefnanna sem eru tilgreind í töflu 4 og notendahandbókarinnar fyrir viðmiðanirnar. Að beiðni þar til bærs aðila má krefja umsækjendur um að sannreyna útreikninga með tilgreindu prófunaraðferðinni.

Viðmiðun 5. Takmörkun á hættulegum efnum og blöndum

Fullunna varan skal ekki innihalda hættuleg efni eða blöndur í samræmi við reglurnar sem eru settar fram í eftirfarandi undirviðmiðunum, sem gilda um:

- Hættuflokkar og hættusetningar
- Sérlega varasöm efni
- Tiltekin önnur skráð efni

